

Nefndasvið Alþingis.

Bt. nefndasvið@althingi.is

Akureyri, 20 nóv. 2014.

144. löggjafarþing 2014–2015.

Þingskjal 39—39. mál.

Umsögn og ábendingar við forsendur í greinargerð.

Gerð langtímaáætlunar er jákvætt og tímabært málefni að setja á dagskrá og að litið sé til þess hvaða þættir í núverandi þjónustu eru ekki að virka sem skyldi eða gætu virkað betur út frá þörfum notendanna.

Í greinargerðinni er fjallað um „*Aldurssamsetning þjóðarinnar og eftirspurn*“ og eru það tilefni athugasemda eða áréttingar undirritaðs.

Greining á mannfjöldatölum Hagstofu Íslands gefa ekki tilefni til að ætla að þurfi að leggja áherslu á fjölgun hjúkrunarrýma, heldur heimaþjónustuna (búsetu heima) og nýjar aðferðir til að mæta þeim þörfum eldra fólks. Stóra áskorunin á næstu árum mun liggja í að nýta velferðartækni, efla og styrkja hlutverk fjölskyldna og sjálfbóðaliða og samtvinnu formlegu og óformlegu þjónustuna. Má í þessu sambandi benda á margar skýrslur Norrænu Velferðarmiðstöðvarinnar um mannfjölda, vinnumarkað, valdeflingu, notkun velferðartækni, samhæfingu kerfa og hagræn áhrif á norðurlöndum samhliða hækkandi aldri og stækkandi hópum eldra fólks.

Á næstu árum verður fjölgun í yngri aldurshópum eldra fólks, ekki sérstaklega í þeim hópi sem eldri er. Það er þess vegna sem það er vafasamt að fullyrða að „ljóst sé að eftirspurning aukist eftir... hjúkrunarrýmum.....“.

Mögulega mun eftirspurnin aukast eftir 2025/2030 sé horft til mannfjöldaþróunar, en jafnlílegt að það gerist ekki ef samþætting, samhæfing, samstarf eða sameining félags- og heilbrigðisþátta heimaþjónustu næði fram að ganga eins og lögð var áhersla á með lögum frá 1982 um málefni aldraðra.

Annað stórt viðfangsefni sem ekki er rætt í greinargerðinni með tillögunni, er að gerð sé „mönnumarathugun /áætlun“. Aðrar norrænar þjóðir hafa komist að þeirri niðurstöðu að óbreytt þjónusta og óbreyttar aðferðir við þjónustu við eldra fólk, stefni í brot því mannaflí verði ekki til að sinna verkefnum. Reynslan gefur tilefni til að ætla viðfangsefni hinna norrænu landanna á sviði velferðarþjónustu, verði viðfangsefni héraendis innan 5-15 ára, og því ætti að skoða sérstaklega þessa grunnforsendu.

Priðja atriðið er að í greinargerðinni virðist gert ráð fyrir að þróun aldurssamsetningar og eldra fólks sé frekar „*vandamál*“ en ekki auðlind eða tækifæri. Stækkandi hópur eldra fólks má líta á sem tækifæri eða auðlind sem stækkar (öfugt við margar aðrar auðlindir). Hægt er að færa t.d. heilsufarsleg, menntunarleg, fjárhagsleg, og tækni-þekkingarleg rök fyrir að á næstu árum verði á Íslandi hópur eldra fólks sem á öllum fyrrgreindum sviðum hefur einstaka stöðu, þekkingu og færni, í samanburði við fyrri og núverandi eldri notendur velferðarþjónustu. Víða í heiminum ganga rannsóknir, skrif og endurmat á viðhorfum út á að skoða hvernig „nýr veruleiki“ gæti litið út og horft er til nýrra leiða og nýrra viðhorfa, sbr. http://oecdinsights.org/2014/10/27/smarter-greener-healthier-and-more-productive-the-new-old/?utm_content=buffer94e58&utm_medium=social&utm_source=twitter.com&utm_campaign=buffer.

Fjórdá atriðið tengist lögum og reglum um heilbrigðisþjónustu. Stór hluti af umgjörð og regluverki um þjónustu við eldra fólk tekur mið af sjúkrahús-hluta heilbrigðisþjónustunnar. Æskilegt væri að horft væri til sérstöðu þjónustubeganna í regluverkinu um þjónustu við eldra fólk, líkt og t.d. er gert í málefnum fatlaðs fólks með áherslu á sjálfræði, valdeflingu, virkni, lífsgæði og þátttöku. Til að þróa þjónustuna enn frekar, þarf að lagfæra lög og regluramma sem endurspeglar þessi viðmið. Endurskoðun og eða nýsmíði regluverks er því hluti af „uppbyggingu“ í málaflokknum.

Hugtakanotkunin „nýgengni“ er vafalaust smekksatriði, en tengir að mati undirritaðs, stækkandi auðlind (fjölgun eldra fólks) við ný tilvik sjúkdóma. Margir eldri Íslendingar eiga við skerðingar og/eða fötlun eða sjúkdóma að stríða. Slíkt er hluti lífskeiðsins að eldast eins og annarra lífskeiða, en öldrun er ekki sjúkdómur né allt eldra fólk sjúklingar. Skerðingar og sjúkdómar geta fylgt öllum lífsskeiðum.

Að lokum vil ég benda á mótun viðhorfa í umræðunni. Mikilvægt er að stjórnáamenn almennt taki þátt í að ræða um málefni eldra fólks með fyrrgreindar breytingar í huga og þau tækifæri sem þar felast og leggi þannig inn í umræðuna forsendur til viðhorfsbreytinga og ekki síður jákvæðni í samfélaginu gagnvart þróun velferðarþjónustunnar, öldrun, eldra fólki og þeim „auðlindum“ sem í því felast.

Virðingarfyllst,

Halldór S Guðmundsson
framkvæmdastjóri
Öldrunarheimila Akureyrar